

Matteo Tarsi

# Samspil tökuorða og innlendra orða í samheitaþörum í Þriðju málfræðiritgerðinni

## 1 Inngangur

Í greininni<sup>1</sup> er fjallað um tökuorð og innlend orð sem birtast í samheitaþörum í Þriðju málfræðiritgerðinni (= PMR, frá u.þ.b. 1250). Ritgerðin er ein af fjórum forníslenskum málfræðiritum (yfirlit hjá Magnúsi Snædal 1993) og er höfundur hennar Ólafur Þórðarson hvítaskáld (u.þ.b. 1210–1259), bróðursonur Snorra Sturlusonar. Greinin er sýnishorn af stærri rannsókn á samlífi og samspili innlendra orða og tökuorða í íslenskum ritheimildum fram til siðaskipta árið 1550 (Tarsi væntanl.).<sup>2</sup> Þar er fengist við eftirfarandi meginrannsóknarspurningu: Hver var þróun íslensks orðaforða í aðdraganda hreitungustefnunnar? Höfuðrannsóknin beinist m.ö.o. að íslenskum orðaforða og hefur

<sup>1</sup> Ég vil þakka þeim sem hafa veitt mér stuðning og hafa ekki síst verið mér ráðholl við ritun þessarar greinar: Ara Páli Kristinssyni, Helgu Hilmisdóttur (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum), Jóni Axel Harðarsyni og Margræti Jónsdóttur (Háskóli Íslands). Síðast en ekki síst þakka ég Mikael Males (Universitetet i Oslo) sem benti mér á meistararitgerð Victors Frans, sem ræddi við mig um efni ritgerðar sinnar og sendi mér hana strax eftir vörn svo að ég gæti nýtt mér hana í rannsókn minni. Rannsóknin fékk tveggja ára styrk frá Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands á árunum 2018–2020.

<sup>2</sup> Sambýli tökuorða og innlendra samheita þeirra hefur áður verið rannsakað en þó einungis hvað nútímamálið varðar, sjá m.a. Guðrúnu Kvaran (2003:33–36), Ara Pál Kristinsson (2004:57–58), Ara Pál Kristinsson og Amanda Hilmarsson-Dunn (2015) og Tinnu Frímann Jökulsdóttur o.fl. (2019).

Þann tilgang að varpa ljósi á samspil innlendra orða og tökuorða fyrir tíma hreintungustefnunnar, en fyrstu skýru heimildirnar um málræktaráhuga eru frá tíma siðaskipta (Kjartan G. Ottósson 1990:20).

Markmið þessarar greinar er að skoða samspil tökuorða og innlendra orða í ÞMR. Eftir að hafa fjallað í örfáum orðum um ÞMR, fyrirmyndir hennar og varðveislu (2) er fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar kynntur og helstu hugtök skilgreind (3). Þessu næst er fjallað um greiningarþætti rannsóknarinnar (4) og svo samheitaþörin greind (5). Þar á eftir er umfjöllun um samheitaþörin eftir því hvernig þau birtast í textanum annars vegar og hvernig þau eru sett saman hins vegar, þ.e. með tilliti til tegunda tökuorða og innlendra orða (6). Loks er fjallað um hvernig og til hvers höfundur ÞMR nýtir sér tökuorð og innlend samheiti þeirra (7).

## 2 Nokkur orð um Þriðju málfræðiritgerðina, fyrirmyndir hennar og varðveislu

Þriðja málfræðiritgerðin skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn nefnist Málfræðinnar grundvöllur og byggist hann á fyrstu tveim bindum *Istitutiones grammaticæ* eftir Priscianus (6. öld e.Kr.). Síðari hlutinn, Málskrúðsfræði, grundvallast á þriðja bindi *Ars maior* eftir Donatus (4. öld e.Kr.)<sup>3</sup> en víða sést að Ólafur hefur að mörgu leyti stuðst við skýringarrit, enda eru margar skýringar sem Ólafur tilfærir hvergi að finna í texta Donatusar. Skýringarritið sem Ólafur mun hafa farið eftir er rit sem hefur verið eignað Remigiusi frá Auxerre (u.þ.b. 841–908) en mun samkvæmt tilgátu Males (2018) ekki vera eftir hann. Males (2018:322) kallar höfund þessa skýringarrits Pseudo-Remigius. Rannsóknir Frans (2019) á þessu riti (hdr. Biekorf 537) styðja tilgátu Males.

ÞMR er varðveitt í fjórum handritum en þó hvergi í heilu lagi. Handritin AM 242 fol., svokallað *Codex Wormianus* eða *Wormsbók* á íslensku (= W, frá um 1350), og AM 748 i b 4to (frá fyrsta fjórðungi 14. aldar) geyma hana að mestu leyti. Þar að auki geymir síðara handritið elsta textann. Önnur brot af ÞMR eru varðveitt í AM 757 a og b 4to (fyrra brotið er frá um 1400 en hið síðara frá 15. öld).

Samkvæmt rannsókn Wills (2001:52–56) á skyldleika handrita ÞMR er honum þannig háttað að 748 og 757 a flokkast í sömu grein en *Wormsbók* í annarri grein í ættartrénu, en Björn M. Ólsen

<sup>3</sup> Nánar um tengsl ÞMR við Priscianus og Donatus hjá Jóni Axel Harðarsyni (2016).

(1884:xlviii–lxii) komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að Wormsbók og 748 væru sammæðra, en ekki 757 a; 757 b er hins vegar samkvæmt báðum fræðimönnum beint afrit af W (Björn M. Ólsen 1884:liv, Wills 2001:52).

### 3 Um tökuorð og innlend orð

Í þessari rannsókn er gerður skýr munur á tökuorðum annars vegar og innlendum orðum hins vegar (sjá svipaðar rannsóknir í Betz 1959, Halldóri Halldórssyni 1964, Gusmani 1981 og nánar um greininguna í Tarsi væntanl.). Heitið **tökuorð** á hér við orð sem fengin eru úr annarri tungu og eru, að því er virðist, virkur hluti af orðaforðanum, sama hvort þau eru aðlöguð eða ekki.<sup>4</sup> Í fræðilegri umræðu á Norðurlöndunum hefur síðan á tíunda áratug verið hefð fyrir því að nota skandinavíska heitið *importord* (Jarvad 2007:10, sjá einnig m.a. Ástu Svavarsdóttur 2003 og Ara Pál Kristinsson 2004) sem samsvarar íslenska orðinu **aðkomuorð**. Undir þeirri skilgreiningu bæri að kalla tökuorð einvörðungu þau orð sem fengin eru úr öðru máli en hafa aðlagast hljóð- og beygingarkerfi viðtökumálsins (Guðrún Kvaran 2005:343–344). Inn í þessa rannsókn eru engu að síður tekin erlend orð sem eru, ef tekið er mið af notkun í textanum, ekki virkur hluti af orðaforðanum, en þau skiptast samt á við innlend orð. Slík orð eru tvenns konar: **styttingar** (t.d. á *nomina sacra* eins og *Dominus* eða *Christus*) og **augnablikstökuorð** (e. *nonce borrowing*), þ.e. orð lærðs uppruna sem ekki koma fyrir sem sjálfstæð orð í textanum heldur eru þau pöruð saman með samsvarandi innlendu samheiti, og eru þau undantekningarlaust erfðaorð (t.d. *aurum* – *gull*). Það að skilgreina þessi orð sem augnablikstökuorð fellur vel að efninu en erfitt er að segja með vissu eitthvað til um færni í erlendum málum stakra (oftast óþekktra) skrifara eða textahöfunda að fornu. Skilgreining mín byggist sem sagt á því textasamhengi þar sem þessi orð koma fyrir, og þar með notkun þeirra í textum, frekar en á aðlögunarþáttum, tíðni þeirra í textum, tungumálakunnáttu höfundar eða viðhorfum hans til tökuorða.

Tökuorðin geta ýmist verið tekin inn í málið af nauðsyn, og þá kölluð **nauðsynjatökuorð** (e. *necessity borrowing*) eða vegna virðingar, þ.e. **virðingartökuorð** (e. *prestige borrowing*) (sbr. Durkin

<sup>4</sup> Sjá Ástu Svavarsdóttur og Veturliða Óskarsson (2009) um tökuorð og erlend áhrif í íslensku.

2009:142–143). Nauðsynjatökuorð eru orð tekin inn í málið vegna skorts á orðum yfir ákveðið fyrirbæri eða ákveðinn hlut. Sem dæmi má nefna grunnorðin í kristni *biskup*, *kirkja* og *prestur*. Nauðsynin sem verið er að vísa til í heitinu *nauðsynjatökuorð* vísar til þess að verið sé að bæta úr skorti á heiti yfir ákveðna nýjung með tökuorði frekar en nýyrði.

Orð telst til virðingartökuorða ef það gengur inn í orðaforðann eftir að innlent orð (eða tökuorð eða hvort tveggja) hefur skotið rótum í málinu. Sem dæmi má nefna margvísleg orð af miðlægþýskum uppruna sem áttu þegar samheiti í íslensku þegar þau birtust fyrst í rituðu máli, t.d. *bítala*, *forbætra*, *forstanda*, *undirstanda* (sjá nánar um þessi orð hjá Veturlíða Óskarssyni 2003, og einkum Veturlíða Óskarssyni 2015 um orð með forskeytinu *bí-*). Vert er svo að minna á að virðingin sem borin er fyrir ákveðnu erlendu máli í málsamfélagi getur leitt til þess að bæði nauðsynja- og virðingartökuorð verði tekin inn í heimatunguna. Því hærri sem staða erlends tungumáls í málsamfélaginu er, því meiri líkur eru á því að bæði nauðsynja- og virðingartökuorð verði tekin inn í málið. Með öðrum orðum eykur há virðingarstaða líkurnar á að viðkomandi tunga sé valin sem veititunga.

Innlend orð eru heiti sem smíðuð eru af innlendum orðstofnum. Þau geta verið ferns konar: tökuþýðingar, innlend nýgerð orð, erfðaorð og tókumerkingar.<sup>5</sup> **Tökuþýðingar** (e. *structural calque*) og **innlend nýgerð orð** (e. *neoformation*) eru lík að gerð, þ.e. þau eru ýmist afleidd eða samsett orð, en munurinn er sá að tökuþýðingar sýna greinileg erlend áhrif í formgerðinni, þær eru sem sagt þýðingar á erlendum heitum, jafnvel lið fyrir lið (t.d. *meðalorþning* < lat. *interjectio*). Innlend nýgerð orð ganga ekki út frá formgerð erlenda orðsins, sama hvort það hafi gegnt einhverju hlutverki við myndun innlenda orðsins eða ekki (t.d. *félagi*, án fyrirmyndar; *spámaðr*, væntanlega með lat. *propheta* að merkingarlegri fyrirmynd). **Erfðaorð** (e. *inherited word*) og **tókumerkingar** (e. *semantic calque*) eru einnig lík að gerð. Erfðaorð eru kölluð hér þau orð sem hafa að öllum líkindum verið til síðan á

<sup>5</sup> Orðaval þetta er að mestu leyti sótt til Halldórs Halldórssonar í greininni *Nýgervingu- um í forn máli* (1964:110–111), þó með breytingum. Þar sem Halldór flokkar undir heitinu *nýgerð orð* öll þau orð sem eru nýsmíðuð í málinu, þ.e. bæði tökuþýðingar og nýyrði sem hafa ekki orðið til vegna erlendra áhrifa, er hér nauðsynlegt að halda þessum tveimur gerðum orða aðskildum. Þar af leiðandi hef ég kosið að halda hefðbundnu nafni fyrri nýyrðategundar en kalla þá síðari *innlend nýgerð orð*, og er hér með lo. *innlendur* ekki einungis átt við hina ytri formgerð, heldur einnig um það að orðasmíðin virðist ekki hafa orðið fyrir erlendum áhrifum, ef ekki einungis hugmyndalegum.

frumgermönskum tíma. Merking þeirra er hvorki í heild né að hluta fengin vegna erlendra áhrifa (t.d. *feldr*, *hlutr*). Undir skilgreininguna *erfðaorð* falla einnig afleidd orð sem eiga samstofna í öðrum germönskum málum, og þá í mismunandi greinum málaættarinnar, án þess að vera tökuorð. Þannig má segja að þau hafi orðið til á a.m.k. frumgermönskum tíma. Tökumerkingar eru í rauninni erfðaorð eða jafnvel afleidd orð sem hafa þó sætt merkingarútvíkkun vegna áhrifa erlends orðs (t.d. *dróttinn* < lat. *Dominus*, væntanlega um fe. *dryhten*).

## 4 Um rannsóknina

Samheitapörin sem rannsóknin beinist að eru skilgreind sem orðapör þar sem annað orðið er tökuorð en hitt innlent. Einnig koma fyrir tilfelli þar sem fleiri tökuorð samsvara einu innlendu orði eða öfugt í einu verki, t.d. samsvara tökuorðinu *djögfull* þrjú innlend orð í *Íslensku hómilíubókinni*, þ.e. *andskoti*, *fjándi* og *óvinr*. Samt sem áður er fyrirbærið ávallt skilgreint sem samheitapar.<sup>6</sup>

Samheitapörin, og þar með orð sem þau samanstanda af, eru greind sem hér segir: handritafræðilega og textafræðilega, merkingarfræðilega og eftir tegund tökuorða annars vegar og innlendra orða hins vegar.

Handritafræðileg greining varðar dreifingu tökuorða og innlendra orða í textum þar sem þau koma fyrir á sambærilegum stöðum í mismunandi handritum sama texta. Tilgangurinn er þar af leiðandi að athuga hvort varðveisla tiltekins texta í handritum segi eitthvað til um notkun tökuorða annars vegar og innlendra orða hins vegar þegar þau mynda samheitapar í orðaforðanum. Textafræðilega greiningin segir hins vegar til um hvort og hvernig orðin skiptast á í ákveðnum texta, þ.e. á mismunandi stöðum þar sem oftast er samræmi milli handrita.

Merkingarfræðileg greining tekur til þess hvaða merkingarfræðilega sviði orðin tilheyra.

Flokkun orða er tvenns konar. Gerð er grein fyrir gerð tökuorða annars vegar og innlendra orða hins vegar. Tökuorðin eru flokkuð sem nauðsynja- eða virðingartökuorð. Innlend orð eru hins vegar greind í eftirfarandi flokka: tökuþýðingar, innlend nýgerð orð, erfðaorð og tökumerkingar. Greining þessi varpar ljósi á það hvernig samheiti af þessu tagi skiptast á í textum sem skrifaðir voru áður en hægt er að

<sup>6</sup> Forníslensku orðin fylgja stafsetningu *ONP*.

fara að tala um íslenska hreintungustefnu. Því er í flestum tilvikum mögulegt að komast að því hvort það er tökuorðið eða innlenda orðið sem fyrr hafi komist í notkun miðað við varðveittar heimildir. Vitaskuld kunna orð að hafa verið í notkun fyrr eða síðar þótt við höfum ekki heimildir fyrir því lengur. Auk alls þessa er einnig reynt að varpa ljósi á tökuferli sumra orða þar sem lýsingin er ekki talin fullnægjandi í íslenskum orðsifjabókum (*AeW, IeW, IOb*).

Samheitapörin birtast á fjóra vegu í textunum: 1) á sambærilegum stöðum sama texta í mismunandi handritum 2) sem einföld víxl þar sem þau koma fyrir á mismunandi stöðum í texta tiltekens verks, 3) sem skýringarinnskot og 4) sem samheitatvennur. **Skýringarinnskot** (e. *explicative insertion*) nefnast þau tilvik þar sem innlent samheiti útskýrir erlent orð, en innlenda orðið er venjulega tilfært með orðalagi eins og *þat er (á norrænu)* eða *sem vér kollum*. Hitt kemur einnig fyrir, þó aðeins í örfáum tilvikum, þ.e. að tökuorð er notað sem skýring á innlendri smíð eins og t.d. í *Elucidarius* (AM 544 4to, Scherabon Firchow og Grimstad 1989:128<sup>10</sup>): „Jórsalaborg þat er Hierusalem“. **Samheitatvennur** (e. *synonymic dittology*) eru tilvik þar sem erlenda og innlenda orðið eru pöruð saman með samtengingunni og eða *eða* í skýringarhlutverki, þ.e. hún þýðir ‘það er (að segja)’, ‘með öðrum orðum’.

Í málfræðiritgerðunum fjórum er ekki um auðugan garð að gresja hvað varðar þann hluta orðafordans sem hér er til rannsóknar. Samheitapör í þessum fjórum verkum eru fá að meðaltali, og eru t.d. engin samheitapör í Fyrstu málfræðiritgerðinni (skr. 1130–1140). Í Annarri málfræðiritgerðinni (skr. 1270–1300) er á hinn bóginn einungis eitt samheitapar að finna, þ.e. *músíka – sǫngr*, þar sem í Fjórðu málfræðiritgerðinni (skr. 1320–1340) birtast tvö samheitapör (*præpositio – fyrirsetning; vers – vísuorð*). PMR sker sig úr hópnum, en í henni er að finna 20 samheitapör.

Dreifing samheitapara í mismunandi handritum segir ekki mikið til um hvort stemma, sem fyrr var vikið að, er rétt. Vert er þó að geta þess að W og 748 ber saman í öllum tilfellum nema hvað varðar samheitapörin (*cælestis*) *armonia – (himnesk) hljóðagrein* og *punkta – stinga*. Í fyrra tilfellinu ber 748 og 757 a saman á móti W, þar sem orðunum *himnesk hljóðagrein* er sleppt, en í hinu síðara varðveita 748 og W mismunandi lesbrigði hvað orðið *stinga* varðar (sbr. *Töflu 2*), en er ekki að finna á sambærilegum stað í 757 a. Þetta síðara tilfelli geymir þó ekki þýðingarmikinn orðalagsmun en 748 hefur vafalaust rétta lesháttinn (*þá er hann er stunginn*) þar sem W sýnir mistök sem stafa sennilegast af mislestri (*er þá stundum*), en textabúturinn rétt á undan

segir „ok er íss stundum settr fyrir e“.

Í því sem á eftir fer verða samheitapör í PMR greind. Í niðurlagi greinarinnar er svo sagt frá því hver tengsl merkingarsviðs samheitapara og birtingartegunda þeirra eru, og svo því hvernig sambandi tegunda tökuorða og smíð innlendra orða er háttað.

## 5 Samheitapör í Þriðju málfræðiritgerðinni

Samheitapör í PMR mynda bæði nafnorð og sagnorð. Nafnorðin eru greind eftir merkingarsviði í sex flokka. Sagnirnar mynda tvo flokka, þ.e. bendisagnir og verknáðarsagnir. Í *Töflu 1* eru samheitapör flokkuð eftir merkingarsviði.

Merkingarsvið	Samheitapör
MÁLFRÆÐI	diphthongus – tvíhljóðr fígúra – mynd/vqxt nóti – merking
ALMENNUR LÆRDÓMUR	philosophus – spekingr
NÁTTÚRA	(coelestis) armonia – (himnesk) hljóðagrein elementum – höfuðskepna
EIGINLEIKAR	sen – merking
MAGN	partr – hlutr
MÁLSKRÚÐS- OG SKÁLD- SKAPARFRÆÐI	anadiplosis – drögur apocope – orðkolfr cismus – brugðning/spell, slita/sundrskorning enigma – gáta lexis – róða paronomasia – aðalhending periphrasis – umkringingarmál rhetorica – málssnilldarlist schema – skróð vers – vísuorð
BENDISAGNIR	nótera – merkja
VERKNAÐARSAGNIR	punkta – stinga

Tafla 1: Merkingarsvið samheitapara í PMR.

Samheitaþörin í ÞMR eru tilgreind í *Töflu 2*. Blaðsíðu- og línunúmer, sem eru innan sviga við hliðina á viðkomandi orði samsvara því sem finna má í útgáfu Björns M. Ólsens (1884). Í öðrum dálki er svo gerð grein fyrir birtingartegundum orðapara og heimildum Ólafs, Donatus og Pseudo-Remigius, þegar þær eru fyrir hendi. Athugasemdir birtast svo í þriðja dálki.

Samheitaþör og staðsetningar í handriti	Birtingarmynd í handritum	Athugasemdir um frumheimildir
<i>anadiplosis</i> (94 <sup>49</sup> ) – <i>drögur</i> (94 <sup>55</sup> )	Skýringarinnskot í W og 748.	Donatus notar <i>anadiplosis</i> . Pseudo-Remigius gerir grein fyrir gríska orðinu og þýðir það á latínu.
<i>apocope</i> (88 <sup>39</sup> ) – <i>orðkolf</i> (88 <sup>43</sup> )	Skýringarinnskot í W og 748.	Donatus notar <i>apocope</i> . Pseudo-Remigius notar latneskt orð til að útskýra merkingu gríska orðsins. Oícel. <i>orðkolf</i> er einnig notað þegar talað er um fyrirbæri sem Donatus nefnir <i>solæcismus per casus</i> , þ.e. málslost sem er fólgin í því að nota rangt fall (sbr. Björn M. Ólsen 1884:77 <sup>65-69</sup> ).
<i>(cælestis) armonia</i> (34 <sup>24-25</sup> ) – <i>(himnesk) hljóðagrein</i> (34 <sup>24-25</sup> )	Samheitaþvenna í 748 og 757 a. Aftur á móti er orðunum <i>himnesk hljóðagrein</i> sleppt í W og 757 b.	



Samheitapör og staðsetningar í handriti	Birthingarmynd í handritum	Athugasemdir um frumheimildir
<i>cismus</i> (69 <sup>131</sup> , 73 <sup>11</sup> ) – <i>brugðning/spell, slita/sundrskorning</i> (69 <sup>131</sup> , 73 <sup>11</sup> )	Orðin mynda skýringarinnskot í PMR sem hér segir: <i>cismus – brugðning/spell</i> í öllum handritum sem varðveita textann þar sem orðmyndin kemur fyrir. <i>cismus – slita/sundrskorning</i> er einungis í W og 748.	Samheitapör þessi eiga rætur að rekja til alþýðuskýringar á orðinu <i>solæcismus</i> . Pseudo-Remigius útskýrir <i>cismos</i> ( <i>cismus</i> hjá Ólafi) sem <i>corruptela</i> ‘spilling’ (staðsetningin samsvarar bls. 69 í útgáfu Björns M. Ólsens). Seinna í ritinu (staðsetningin samsvarar bls. 73 í útgáfu Björns M. Ólsens) útskýrir Pseudo-Remigius <i>solæcismus</i> sem <i>quasi scissio lingvæ Solænsium</i> ‘svo sem kloffning tungu Solibúa’ og bætir svo við að <i>σχισμός</i> samsvari <i>scissio</i> ‘kloffning’ á latínu. Í framhaldi af þessu segir hann enn fremur að <i>solæcismus</i> sé <i>σώου λόγου αικισμός</i> ‘misþyrming eðlilegrar yrðingar’, i.e. <i>sanī verbi corruptela</i> ‘spilling eðlilegrar yrðingar’.
<i>diphthongus</i> (47 <sup>29</sup> , 30, 31) – <i>tvíhljóðr</i> (47 <sup>29</sup> )	Skýringarinnskot í öllum handritum sem varðveita staðsetninguna.	
<i>elementum</i> (38 <sup>25</sup> ) – <i>høfuðskepna</i> (38 <sup>25</sup> )	Skýringarinnskot í öllum handritum sem varðveita staðsetninguna.	
<i>enigma</i> (114 <sup>252</sup> ) – <i>gáta</i> (114 <sup>257</sup> )	Skýringarinnskot í W og 748.	Donatus notar orðið <i>enigma</i> . Pseudo-Remigius er ekki með sambærilega staðsetningu en hann segir annars staðar í riti sínu að <i>enigma</i> þýði <i>obscuritas</i> ‘myrkur, torræðni, eitthvað sem er óskiljanlegt’.

Samheitaþör og staðsetningar í handriti	Birtingarmynd í handritum	Athugasemdir um frumheimildir
<i>figúra</i> (40 <sup>1</sup> , 45 <sup>1</sup> , 82 <sup>69</sup> , 84 <sup>113</sup> ) – <i>mynd/voxtr</i> (45 <sup>1</sup> )	Skýringarinnskot í öllum handritum sem varðveita staðsetningarnar.	Auk merkingar ‘form stafs’ (bls. 40 <sup>1</sup> , 45 <sup>1</sup> ), gat <i>figúra</i> merkt einnig ‘retórísk figúra, stílbragð’ (bls. 82 <sup>69</sup> , 84 <sup>113</sup> ). Priscianus, Donatus og einnig Pseudo-Remigius nota einungis orðið <i>figura</i> . Físl. <i>voxtr</i> er einnig að finna í Fyrstu málfraeðiritgerðinni þar sem orðið þýðir ‘form stafs sem samansetning sinna hluta’ en í merkingunni ‘form stafs (sem heild)’ er notað orðið <i>líkneski</i> (sbr. Hrein Benediktsson 1972:64–66).
<i>lexis</i> (91 <sup>6</sup> ) – <i>róða</i> (91 <sup>6</sup> )	Skýringarinnskot í W og 748.	Pseudo-Remigius tilfærir latneska þýðingu á gríska orðinu, þ.e. <i>dictio</i> ‘yrðing, segð’.
<i>nótera</i> (55 <sup>10, 14</sup> ) – <i>merkja</i> (55 <sup>7, 10</sup> )	Orð þessi skiptast á í texta PMR (bls. 55 <sup>10</sup> og 55 <sup>7</sup> ) í W, 757 b og 748. Þar að auki eru orðin tvö notuð á sambærilegum stað (bls. 55 <sup>10</sup> ) í mismunandi handritum þar sem 757 a hefur <i>merkja</i> en hin handritin sem varðveita orðmyndina hafa <i>nótera</i> .	
<i>nóti</i> (54 <sup>7</sup> ) – <i>merking</i> (54 <sup>7</sup> )	Samheitaþvenna. Orðunum fylgir eignarfallsandlagið <i>áblásningar</i> .	Priscianus notar <i>nota aspirationis</i> ‘merki áblásningar’.
<i>paronomasia</i> (95 <sup>73</sup> ) – <i>aðalhending</i> (96 <sup>77</sup> )	Skýringarinnskot í W og 748.	Donatus notar orðið <i>paronomasia</i> . Pseudo-Remigius þýðir gríska orðið lið fyrir lið á latínu: <i>παρά</i> ‘de’, <i>ὀνομασία</i> ‘nominatio’.

Samheitapör og staðsetningar í handriti	Birthingarmynd í handritum	Athugasemdir um frumheimildir
<i>partr</i> (45 <sup>8</sup> , 56 <sup>5</sup> ) – <i>hlutr</i> (56 <sup>1</sup> , 56 <sup>5</sup> )	Orð þessi skiptast á í W, 757 b og 748. Einnig skiptast þau á í mismunandi handritum (bls. 56 <sup>5</sup> ) þar sem 757 a hefur <i>hlutr</i> en hin handritin hafa <i>partr</i> .	Priscianus notar orðið <i>pars</i> 'hluti'.
<i>periphrasis</i> (109 <sup>177</sup> ) – <i>umkringingarmál</i> (109 <sup>177-178</sup> )	Skýringarinnskot í W og 748.	Gríska orðið <i>periphrasis</i> er einnig í skýringarinnskoti hjá Donatusi sem hefur innlent heiti yfir það, þ.e. <i>circumlocutio</i> , en físl. <i>umkringingarmál</i> er nákvæm þýðing á því. Pseudo-Remigius þýðir gríska orðið lið fyrir lið á latínu: περί 'circum', φράσις 'sermo vel locutio'.
<i>philosophus</i> (34 <sup>21</sup> ) – <i>spekingr</i> (60 <sup>14-15</sup> )	Orð í þessu samheitapari skiptast á í texta ÞMR að 757 a undanskildu, en íslenska orðið er ekki varðveitt þar.	
<i>punkta</i> (42 <sup>28</sup> ) – <i>stinga</i> (42 <sup>22</sup> )	Orð þessi skiptast á í texta 748.	
<i>rhetorica</i> (96 <sup>86</sup> ) – <i>málssnilldarlist</i> (96 <sup>85</sup> )	Skýringarinnskot í W og 748.	
<i>schema</i> (91 <sup>5</sup> ) – <i>skrúð</i> (91 <sup>5</sup> )	Skýringarinnskot í W og 748.	Pseudo-Remigius tilfærir latneska þýðingu á gríska orðinu (í ft. í textanum, <i>schemata</i> ), þ.e. <i>figuræ vel habitus</i> 'form eða birthingarmyndir'.

Samheitaþör og staðsetningar í handriti	Birtingarmynd í handritum	Athugasemdir um frumheimildir
<i>sen</i> (67 <sup>100</sup> , 81 <sup>62</sup> , 114 <sup>252</sup> ) – <i>merking</i> (36 <sup>43</sup> )	Orð þessi skiptast á í texta ÞMR. Físl. <i>sen</i> er notað til útskýringar á tveim stílfigúrum, þ.e. <i>macrologia</i> ( <i>langt sen</i> ) og <i>enigma</i> ( <i>myrkt sen</i> ).	Donatus útskýrir <i>enigma</i> sem <i>obscura sententia</i> ‘óskýr málsgrein’. Pseudo-Remigius tilfærir eftirfarandi skýringarsetningu eftir <i>macrologia: id est longa dictio vel sententia</i> ‘það er löng yrðing eða málsgrein’.
<i>vers</i> (52 <sup>31</sup> (÷ 757 a), 94 <sup>50,51</sup> , 95 <sup>62</sup> ) – <i>vísuorð</i> (92 <sup>16</sup> )	Orð þessi skiptast á í texta ÞMR.	Donatus notar orðið <i>versus</i> ‘vers’.

Tafla 2: Samheitaþör í ÞMR.

Hér á eftir eru tökuorðin og innlendu orðin flokkuð auk þess sem sagt er frá uppruna tökuorða og gerð innlendrar smíðar. Reynt er að varpa ljósi á það hvort tökuorð eða innlend orð hafi fyrst verið notuð í málinu. Innan sviga á eftir viðkomandi orði eru upplýsingar um elsta dæmi í ritmáli, aldur verks og handrits, þar sem dæmið er varðveitt. Skammstafanir á heiti verkanna eru eftir *Ordbog over det norrøne prosasprog* (= ONP) fyrir verk í óbundnu máli, eftir *Lexicon Poeticum* (= LP) fyrir verk í bundnu máli. Að lokum er útgáfu heimilda getið ef um verk í óbundnu máli er að ræða. Aldur verkanna er sóttur til helstu útgáfna þeirra. Aldur handritanna er eftir ONP.

***anadiplosis* – *drögur***: Lat. *anadiplosis* (*Gramm*<sup>3</sup>748 u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er fengið úr fgr. ἀναδίπλωσις ‘endurtekning’, sem er leitt af so. ἀναδίπλω ‘tvöfalda, endurtaka’.

Físl. *drögur* (*SnE* u.þ.b. 1220 > GKS 2367 4to 1300–1350, Finnur Jónsson 1931) er heiti stílfigúru nokkurrar þar sem síðasta orð í vísuorði er endurtekið í byrjun næsta vísuorðs. Orðið er íslenskt ídorð og er fleirtalan af no. *draga*. Orðið er innlent nýgert orð, en skáldskaparfræðilega merkingu þess er einungis að finna í íslensku.

Innlenda orðið er partur af ídorðaförða kveðskaparins en erlenda heitið virðist fengið beint úr ritgerð Donatusar. Þar af leiðandi er líklegt að innlenda orðið hafi verið notað í íslensku á undan því erlenda. Lat. *anadiplosis* er eitt þeirra fræðiheita sem Ólafur fær beint úr fyrirmyndinni og ber því að túlka sem nauðsynjatökuorð, þó að innlent heiti samsvari erlenda orðinu. Því til frekari stuðnings má

geta þess að ekki er innlent samheiti á öllum latneskum stílfigúrum sem Ólafur fjallar um. Þar að auki er innlent heiti einu sinni notað yfir tvö mismunandi fyrirbæri (sjá neðar, u. *apocope* – *orðkolfr*), en í annað skipti er innlent heiti notað sem samheiti yfir latneskt heiti en heitin tvö tákna í rauninni mismunandi fyrirbæri sem lítið eiga sameiginlegt (sjá neðar, u. *paronamasia* – *aðalhending*).

**apocope** – **orðkolfr** : Lat. *apocope* (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er tökuorð úr fgr. ἀποκοπή ‘brottfall hljóðs, hljóða eða atkvæðis í bakstöðu, apókópa’, sem leitt er af so. ἀποκόπτω ‘skera, klippa, höggva af’.

Físl. *orðkolfr* ‘brottfall hljóðs, hljóða eða atkvæðis í bakstöðu, apókópa’ (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er samsett af *orð* og *kolfr* (réttara: *kólfr*) ‘klukkukólfur, dingull, ör, kastspjót, kastvopn, járnbolti’. Ekki er augljóst hvernig ber að skilja samband orðanna *orð* og *kolfr* í samsetningunni. Upprunaleg merking rótarinnar (forfrg. \**gelb<sup>h</sup>-/gleb<sup>h</sup>-*) virðist hafa verið eitthvað á borð við ‘pressa saman, móta kúlu úr e-u’ (sbr. *IdgeW*, u. *gel<sup>-1</sup>*). Má því velta fyrir sér hvort þolmyndarmerking hafi verið í orðinu *kolfr*, svo að orðið gæti verið notað til að tákna styttri gerð einhvers orðs. Þess ber svo að geta að samsvarandi orð í dönsku og nýnorsku (*kolv*) þýða ‘kylfa’, sbr. einnig náskylda íslenska orðið *kylfa*. Þar af leiðandi má færa rök fyrir því að orðið *kolfr*, þó að það sé ekki varðveitt eitt og sér, hafði sömu merkingu og d./nýn. *kolv*. Grunnmerking orðsins *orðkolfr* væri þá ‘orðkylfa’. Í yfirfærðri merkingu ‘kylft orð’ var orðið notað til að tákna lat. *apocope* (sbr. orðatiltækið *að kylfa til orðanna* ‘stama’, so. *kylfa* er einungis að finna í þessu orðatiltæki). Físl. *orðkolfr* notar Ólafur einnig þegar talað er um ranga fallnotkun (*solæcismus per casus*, sbr. Björn M. Ólsen 1884:77<sup>65-69</sup>). Á báðum stöðum notar Ólafur sömu vísuorð (*því hefik heitit mey mætri / mest nema hamlan bresti*) til að gera grein fyrir tveim mismunandi fyrirbærum. Þegar talað er um apókópu, túlkar Ólafur orðmyndina *mey* sem þágufallshliðarmynd af *mær* (þ.e. *meyju* > *mey*; nf. *mær*, þf. *mey*, þgf. *mey*, ef. *meyjar* o.s.frv.). Aftur á móti túlkar Ólafur í síðara tilvikinu sama orðið sem þolfallsmynd en ekki þágufallsmynd (þ.e. nf. *mær*, þf. *mey*, þgf. *meyju*, ef. *meyjar* o.s.frv.), þ.e. hann á við að þolfallsmynd sé notuð í stað þágufalls.

Tökuorðið er væntanlega til komið af nauðsyn (*anadiplosis* – *drögur*), en innlenda orðið *orðkolfr* er innlent nýgert orð sem finnst einungis í PMR, skv. ONP. Það er því óvíst hvort Ólafur sjálfur hafi smíðað orðið *orðkolfr*.

(*cælestis*) *armonia* – (*himnesk*) *hljóðagrein*: Lat. *harmonia* ‘samsvörun, samræmi, samhljómur’ (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er tökuorð af grískum uppruna í latínu. Fgr. ἀρμονία ‘samræmi, samkomulag’ er leitt af lýsingarorði \*ἄρμων sem er ekki varðveitt sem sjálfstætt orð en spor þess má þó finna í mannsnafninu Ἀρμωνίδης og nafnorðinu βητάρμων ‘dansari’ (sbr. *GeW*, u. ἀρμονία).

Físl. *hljóðagrein* ‘samsvörun, samræmi, samhljómur’ (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) samsvarar *hljóðsgrein* og *hljóðgrein* (sbr. ONP, u.o.). Í ÞMR er orðið notað í tveim merkingum: annars vegar þegar talað er um samhljóm reiki-stjarnanna (þ.e. *cælestis armonia*) og hins vegar þegar Ólafur heimfærir gríska áherslukerfið upp á íslensku. Í síðara tilvikinu samsvarar físl. *hljóðagrein* lat. *tenor*.

Innlenda heitið gæti hafa verið smíðað eftir lat. *soni differentia*. Latneska heitið hlýtur að hafa verið þekkt. Vitneskja um latneska heitið er möguleg forsenda þess að mynda hið íslenska orð. Samt sem áður virðist latneska heitið ekki notað í íslensku annars staðar en í ÞMR. Ef til vill má stinga upp á að latneska orðið hafi verið fengið í ÞMR sem virðingartökuorð (sbr. einnig neðar u. *figúra* – *mynd/voxtr*).

*cismus* – *brugðning/spell, slita/sundrskorning*: Orðið \**cismus* (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er ekki til í latínu en í ÞMR er það partur af alþýðuskýringu á gríska orðinu σολοικισμός ‘málslostur’ (þ.e. lat. *solæcismus*; sbr. σολοικίζω ‘skrifa eða rita ranglega’, σόλοικος ‘e-r sem talar slæma grísku’ sem leidd eru af nafni borgarinnar Soli (Σόλοι). Annað dæmi um þessa afleiðslu er ἀττικίζω ‘vera á bandi Aþenubúa’, *GeW*, u. σολοικίζω).

Físl. *brugðning* (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er leitt af so. *bregða* (innlent nýgert orð). Físl. *spell* (HSt *Rst* 12<sup>th</sup> c. > AM 61 fol. 1350–1375, LP) er erfðaorð (sbr. OE *spild* ‘eyðing, tortíming’ og *spildan* ‘eyða’, OSax. *spildian* ‘drepa’, OHG *spilden* ‘eyða’, sjá einnig *IdgeW*, u. (s)p(h)el<sup>-1</sup>), Físl. *slita* (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er leitt af so. *slíta* en físl. *sundrskorning* (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er leitt af so. *skera sundr*, og eru bæði orðin innlend nýgerð orð.

Lat. \**cismus* er augljóslega augnablikstökuorð, en það er hluti af skýringu Ólafs á orðinu *solæcismus*. Orðið á uppruna sinn að rekja til skýringarrits eftir Pseudo-Remigius og þá til fgr. σχισμός ‘klofning’,

sem hann nefnir, frekar en frg. σχίσμα ‘rauf, brestur’, eins og Finnur Jónsson hefur getið til í útgáfu sinni á verkinu (Finnur Jónsson 1927: 50, nmgr. á l. 1).

**diphthongus – tvíhljóðr** : Lat. *diphthongus* ‘tvíhljóð’ (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er tökuorð úr fgr. δίφθογγος ‘tvíhljóð’, þ.e. fgr. φθόγγος ‘hljóð’ með forskeytinu δι- ‘tví-’ (sjá nánar *Lex.Lat.GT*, u. *diphthongus*).

Físl. *tvíhljóðr* (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er tökupýðing á lat. *diphthongus*. Orðið er einvörðungu að finna í ÞMR skv. ONP. Auk þess er orðið notað aðeins einu sinni í ritgerðinni þar sem Ólafur notar annars tökuorðið.

Af notkun orðanna tveggja í ÞMR virðist það sennilegt að tökuorðið sé tilkomið af nauðsyn og að innlenda orðið hafi því verið smíðað eftir að tökuorðið var komið í notkun. Að auki má stinga upp á að Ólafur hafi staðið að smíði íslenska orðsins, en það er notað sem skýring á latneska heitinu. Í ÞMR er orðið *límingarstafr* einnig notað í merkingunni ‘tvíhljóð’ en þar er rætt um tvíhljóð í rúnum (Björn M. Ólsen 1884: 47<sup>33</sup>–48<sup>1</sup>, sbr. enn fremur Raschellà 2004:22–25).

**elementum – höfuðskepna** : Lat. *elementum* ‘höfuðskepna, hljóð, stafur’ (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er af óljósum uppruna (sjá *LeW*, u.o. og einnig *Lex.Lat.GT*, u. *elementum* og *littera*). Það að kalla stafi *elementa* er í latínu eftir alexandrínskri málfræðihefð, þ.e. fgr. στοιχεῖον (flt. στοιχεῖα).

Físl. *höfuðskepna* (*Eluc674*(1989) seinni hluta 12. aldar > AM 674 a 4to 1150–1200, Scherabon Firchow og Grimstad 1989) er samsett af *höfuð* og *skepna*. Orðið hefur verið smíðað sem samheiti við einungis hluta af merkingum orðsins *elementum*, þ.e. hina trúarlegu og náttúrutengdu merkingu. Erlenda orðið virðist vera augnablikstökuorð í ÞMR.

**enigma – gáta** : Lat. *ænigma* ‘gáta’ (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er tökuorð úr fgr. αἰνίγμα ‘s.m.’, sem er leitt af so. αἰνίσσομαι ‘tala óljóst’ (cf. *GeW*, u. αἶνος).

Físl. *gáta* (*Gestumbl Heiðr* 13<sup>th</sup> c. > AM 544 4to 1302–1310, LP) er leitt af so. *geta*. Orðið ber að túlka sem erfðaorð, en orð samstofna því eru einungis í norðurgermönsku: fær. *gáta*, nýn. *gâte*, sæ. *gáta*, d. *gåde*. Samt sem áður er indóevrópska rót so. *geta*, i.e. \**g<sup>h</sup>ed-*, víða að finna í indóevrópsku málafjölskyldunni, ekki síst í germönsku (t.d. got. *bigitan* ‘finna’, fhþ. *ergezzen* ‘gleyma’, *LIV*<sup>2</sup>, u. *g<sup>h</sup>ed<sup>-1</sup>*).

Innlenda orðið er bein þýðing á erlenda heitinu. Latneska orðið

ber að túlka sem nauðsynjatökuorð eins og önnur heiti yfir stílfigúrur í ÞMR.

**figúra – mynd/vöxtr** : Físl. *figúra* (*Algor* u.þ.b. 1250 > AM 544 4to 1302–1310, Eiríkur Jónsson og Finnur Jónsson 1892–1896) er tökuorð úr lat. *figura* ‘mynd, löggun, skapnaður, tölustafur’ (*IeW*, *AeW*, *ÍOb*, u.o.; sjá enn fremur *Lex.Lat.GT*, u.o.).

Físl. *mynd* (*HómiÍsl*(1993) u.þ.b. 1200 > Stock. perg. 15 4to u.þ.b. 1200, de Leeuw van Weenen 1993) er erfðaorð. Samstofna orð í germönskum málum eru t.d. got. *gamunds* og fe. *gemynd* ‘minni’. Físl. *vöxtr* (*Eluc674*(1989) seinni hluta 12. aldar > AM 674 a 4to 1150–1200, Scherabon Firchow og Grimstad 1989) er leitt af so. *vaxa*.

Innlendu orðin hafa að öllum líkindum verið fyrst notuð í almennri merkingu. Samt sem áður var málfraeðileg merking þessara orða fengin úr latínu og því var vitneskja um latneska heitið nauðsynleg forsenda þess að nota innlendu orðin í málfraeðilegum skilningi. Tökuorðið ber því að túlka sem nauðsynjatökuorð en innlendu orðin eru tökumerkingar lat. *figura*.

**lexis – róða** : Fgr. λέξις ‘ræða’, (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er verknaðarnafn af so. λέγω ‘segja’, en sambandi físl. no. *róða* (*Eg162θ*(2001) 1220–1230 > AM 162 a θ fol. u.þ.b. 1250, Bjarni Einarsson 2001) og so. *róða* er eins háttað. Innlenda orðið, sem er erfðaorð (sbr. got. *raþjo* ‘tala, frásögn, skýring’, fsax. *rethia* ‘frásögn’, fhþ. *reda* ‘ræða, frásögn’ og líka so. got. *rodjan*, ffrís. *rēda* ‘tala, ræða’), er notað sem þýðing á erlenda heitinu og ber því að túlka þetta síðara sem augnablikstökuorð. Ólafur útskýrir gríska orðasambandið σχῆμα λέξεως ‘form ræðunnar’ með því að þýða það, eins og gert var fyrir lat. *solæcismus* (sjá einnig neðar, u. *schema* – *skrúð*).

**nótera – merkja** : Físl. *nótera* (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er talið vera fengið úr lat. *notare* ‘merkja, þýða’ í íslenskum orðsifjabókum (*IeW*, u. *nótera*, *nótéra*; *AeW*, u. *notéra*; *ÍOb*, u. *nótera*). Í *IeW* segir Alexander Jóhannesson að viðskeytið *-era* sé „eftir þýskri fyrirmynd“ (mín þýðing). Sagnorð sem enda á *-era* eru yfirleitt talin fengin úr miðlægþýsku vegna áhrifa frá Hansasambandinu (sjá Veturliða Óskarsson 2002 og 2003). Þar af leiðandi bæri að túlka físl. *nótera* frekar þannig að það sé úr mlþ. *notēren* (< lat.).

Físl. *merkja* (*Eyv Hál* 10<sup>th</sup> c. > AM 45 fol. 1300–1325, LP) er formlega



leitt af no. *mark* og er erfðaorð. Skyld þessu sagnorði í germönsku málafjölskyldunni eru t.d. fsax. *merkian* ‘merkja, taka eftir’, fhþ. *merken* ‘útskýra, skynja, skilja, taka eftir’. Sbr. einnig fe. *mearcian* ‘merkja, afmarka’, físl. *marka*.

Sambandi þessara tveggja orða hlýtur að vera þannig háttað að tökuorðið hafi ratað inn í málið þegar innlenda orðið var þegar komið í notkun. Tökuorðið ber því að túlka sem virðingartökuorð.

**nóti – merking** : Físl. *nóti* (*Gramm*<sup>3</sup>748 u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er talið vera beint tökuorð úr lat. *nota* ‘mark, tákn’ í *AeW* (u. *nóti*) og *IeW* (u. *nóta*, *nóti*). Í *Ob* (u. *nóti*) telur hins vegar að það sé fengið úr mhþ. *nōte* ‘s.m.’ frekar en beint úr latínu. Alexander Jóhannesson, meðal annarra, nefnir mlþ. *nōte*, en það orð er ekki að finna í miðlagþýskri orðabók Schillers og Lübbens. Fsax. *nota* ‘(letur)tákn’ er varðveitt og sömuleiðis er orðið til í miðhollensku (*noot* < ffr. *note* eða beint úr latínu, *EWNed.*, u. *noot*). Miðlagþýska hefur orðið *not(t)ele* ‘skjal’, sem er eflaust fengið úr lat. *notula* (smækkunarorð fyrir *nota*). Að þessu sögðu má telja líklegt að miðlagþýska hafði orðið *nōte*, þó að það sé ekki varðveitt. Miðlagþýska væri líklegasta veitimálið fyrir físl. *nóti*.

Aðlögun orðsins í forníslensku (*an*-stofn) ber sennilega vitni um að mlþ. *nōte* liggi til grundvallar frekar en lat. *nota*. Ef öfugt væri, þá hefði orðið sennilega verið aðlagð íslensku sem *ōn*-stofn. Ísl. *nóta* (frá u.þ.b. 1650, *RitOH*) er hins vegar væntanlega beint lært tökuorð úr latínu.

Físl. *merking* (*GrgStað* 12<sup>th</sup> c. > AM 334 fol. 1260–1270, Vilhjálmur Finsen 1879) er leitt af so. *merkja* (innlent nýgert orð). Mlþ. *merkunge*, *merkinge* ‘athygli, tillit’ hafa væntanlega orðið til í því máli og hafa öðruvísi merkingu en íslenska orðið.

Líklegast er að físl. *merking* hafi verið til áður en tökuorðið kom til sögunnar svo að tökuorðið er væntanlega virðingartökuorð.

**paronomasia – aðalhending** : Lat. *paronomasia* ‘orðaleikur sem byggist á því að nota saman samhljóða orð sem hafa þó ólíka, jafnvel andstæða, merkingu’ (*Gramm*<sup>3</sup>748 u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er úr fgr. *παρονομασία* ‘s.m.’ (fgr. *παρά* ‘við hliðina á’ and *ὄνομασία* ‘nafn, nafngift’).

Físl. *aðalhending* (*SnE* u.þ.b. 1220 > GKS 2367 4to 1300–1350, Finnur Jónsson 1931) er samsett af fsk. *adal*- og no. *hending*.

Ólafur ber hér saman tvö ólík fyrirbæri. Annars vegar málskrúðs-figúru sem byggist á samspili hljóðmyndar og merkingar, en hins

vegar bragfræðilegt fyrirbæri. Það eina sem þau eiga sameiginlegt er að byggja á samræmi hljóða (samhljóða orðum annars vegar og alrím hins vegar). Aðalhendingar varða innlenda kveðskaparhefð og er því eðlilegt að túlka orðið sem innlent nýgert orð. Eins og drepíð hefur verið á að framan um lat. *anadiplosis*, ber einnig að túlka lat. *paronomasia* sem nauðsynjatökuorð.

**partr – hlutr**: Físl. *partr* (*Alex* 1262–1263 > AM 519 a 4to ca. 1280, Finnur Jónsson 1925) er talið fengið úr mlþ. *part* (< ffr. *part* < lat. *pars*) í *AeW* (u. *parta*, *partera*) og *ÍOb* (u. *partur*). Alexander Jóhannesson (*IeW*, u. *partr*) túlkar orðið sem fengið úr fornfrönsku. Af ritmyndunum að dæma virðast báðar tillögurnar jafnlíklegar, en fornfrönsku og miðlágþýsku myndirnar eru eins. Samt sem áður er tökuferli í *AeW* og *ÍOb* líklegra, ef tekið er tillit til tengsla Íslands og lágþýskumælandi svæðis á miðöldum (sbr. Veturliða Óskarsson 2003:292–293).

Físl. *hlutr* (*Þjóð Yt* 9<sup>th</sup> c. > AM 35 fol. 1675–1700, LP) er erfðaorð. Samstofna þessu orði í germönsku eru t.d. fe. *hlot* ‘hluti, partur’, fsax. *hlot* ‘s.m.’, fhþ. *lōz* ‘s.m.’. Enginn vafi leikur á að innlenda orðið hafi fyrst verið notað í málsamfélaginu. Tökuorðið ber því að túlka sem virðingartökuorð.

**periphrasis – umkringingarmál**: Lat. *periphrasis* ‘umorðun’ (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er úr fgr. περίφρασις ‘s.m.’, sem er samsett af περί ‘um’ og φράσις ‘mál, frasi, orðatiltæki’.

Físl. *umkringingarmál* (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er samsett af \**umkringing* ‘það að fara í kringum’, leitt af so. *umkringja*, og *mál*. Orðið er bein þýðing á lat. *circumlocutio*.

Grísk-latneska orðið er augnablikstökuorð sem líklega er fengið beint úr Donatusi. Forníslenska orðið virðist hins vegar samsvara texta Donatusar að því leyti að það er þýðing á orðinu sem Donatus notar til að útskýra *periphrasis*, þ.e. *circumlocutio*, en þetta síðara orð er einnig tökuþýðing á fgr. περίφρασις.

**philosophus – spekingr**: Lat. *philosophus* ‘(heim)spekingur’ (*Gramm*<sup>3748</sup> u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er úr fgr. φιλόσοφος ‘s.m.’, sem þýðir bókstaflega ‘sá sem elskar vísdominn’.

Físl. *spekingr* (*HómÍsl*(1993) u.þ.b. 1200 > Stock. perg. 15 4to u.þ.b. 1200, de Leeuw van Weenen 1993) er leitt af lo. *spakr*. Innlenda orðið virðist hafa verið smíðað óháð grísk-latneskri fyrirmynd, en það

þýðir ‘vísdomsmaður’ en ekki ‘(heim)spekingur’ í elstu varðveittum heimildum (sjá ONP, u.o.). Það ber því að túlka sem innlent nýgert orð, en tökuorðið er virðingartökuorð.

**punkta – stinga** : Físl. *punkta* (*Gramm*<sup>3</sup>748 u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er leitt af *punktr* (*StjC* 1250–1260 > AM 228 fol. u.þ.b. 1300–1325, Astås 2009). *AeW* og *ÍOb* telja að físl. *punktr* sé komið annað hvort úr fe. *punct* eða mlþ. *punkt*. Bæði orðin ber að rekja til lat. *punctus*. *leW* telur hins vegar að *punktr* sé beint tökuorð úr latínu. Þó að físl. *punkta* sé í raun og veru innlend smíð og ekki fengið að utan, ber það, í samanburði við físl. *stinga*, vott um erlend áhrif í íslensku.

Físl. *stinga* (*HómÍsl*(1993) u.þ.b. 1200 > Stock. perg. 15 4to u.þ.b. 1200, de Leeuw van Weenen 1993) er erfðaorð og eru eftirfarandi orð úr germönsku málafjölskyldunni samstofna íslenska orðinu: got. *\*usstaggan* ‘taka úr’, OE *stingan* ‘þrýsta, stinga’ (sjá enn fremur *IdgeW*, u. *stegh-*, nasal. *stengh-* og *LIV*<sup>2</sup>, u. *steg<sup>h</sup>-*).

Samband milli þessara tveggja orða er nokkuð skýrt, en físl. *punkta* hlýtur að hafa komist í notkun eftir að samsvarandi íslenskt samheiti var komið fram.

**rhetorica – málssníldarlist** : Lat. *rhetorica (ars)* ‘málsskrúðslist, retórik’ (*Gramm*<sup>3</sup>748 u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er úr fgr. ῥητορικὴ (τέχνη) ‘s.m.’

Físl. *málssníldarlist* (*AugA* 13<sup>th</sup> c. > AM 234 fol. u.þ.b. 1340, Unger 1877) er samsett af *mál(s)sníld* (*HómÍsl*(1993) u.þ.b. 1200 > Stock. perg. 15 4to u.þ.b. 1200, de Leeuw van Weenen 1993) og *list*. Orðið er tökuþýðing á grísk-latneska orðinu sem er tekið inn í íslensku vegna nauðsynjar. Í ÞMR útskýrir erlenda orðið það innlenda, en venjulega er skýringarinnskotum öfugt háttað. Skýringarinnskot þar sem físl. *málssníldarlist* útskýrir lat. *rethorica* er að finna í Ágústínus sögu, og er það elsta heimild um orðið *málssníldarlist*.

**schema – skrúð** : Fgr. σχῆμα ‘form’ (*Gramm*<sup>3</sup>748 u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er skylt so. ἔχω ‘eiga’ (*GeW*, u. ἔχω, sbr. einnig *LIV*<sup>2</sup>, u. *\*se<sup>g</sup>h-*). Gríska orðið hefur verið tekið inn í latínu sem *schema* ‘lög, háttur’.

Físl. *skrúð* (*HómÍsl*(1993) u.þ.b. 1200 > Stock. perg. 15 4to u.þ.b. 1200, de Leeuw van Weenen 1993) er mögulega fengið úr fe. *scrúd* ‘klæði, flík’ skv. *ÍOb* (u. *skrúð*). De Vries (*AeW*, u. *skrúð*) er sömu skoðunar en bætir því við að ef orðið væri hins vegar innlent í norðurgermönsku,

þá væri það skylt *skrjóðr* og fleiri orðum. Alexander Jóhannesson (*IeW*, u. *squer-, qer-*) telur að físl. *skrúð* sé einmitt innlent. Ef hugað er að því hversu þröngt merkingarsvið fornenska orðsins er, þá er erfitt að útskýra hvernig það hafi víkkað svo mikið í íslensku. Ef til vill er enska orðið tökuorð úr norrænu, ef ekki erfðaorð (sbr. fe. *scréadian* ‘rífa, skera í tætlur’, *scréade* ‘ræma, tætla’ og enn fremur *VWgsV*, u. *skraud-a-*).

Eins og haldið hefur verið fram ofar u. *lexis – róða*, er innlenda orðið notað sem hjálparþýðing á erlenda orðinu sem er þar af leiðandi augnablikstökuorð.

*sen – merking* : Físl. *sen* (*Gramm*<sup>3</sup>748 u.þ.b. 1250 > AM 748 i b 4to 1300–1325, Björn M. Ólsen 1884) er talið vera tökuorð úr ffr. *sen* ‘merking, vit, skynsemi’ í *ÍOb* (u.o.). Alexander Jóhannesson (*IeW*, u. *seni-, senu-, sn-ter*) telur það innlent en de Vries (*AeW*, u. *sen*) reiknar með að það sé tökuorð þó að hann dregi stuttlega á þann möguleika sem *IeW* setur fram. Orðið er vafalaust germanskt að uppruna (sbr. mhp., mlþ. *sin* ‘merking, vit, skynsemi’) og því germanskt tökuorð í frönsku, sennilegast úr ffrk. \**sin* ‘merking, vit, skynsemi’ (sbr. fr. *asséner* ‘stefna að, miða á’ sem leitt er af *sen* ‘átt, stefna’). Í frönsku hefur það gerst að *sen* hefur vikið fyrir innlenda orðinu *sens*, en merkingarsvið þeirra sköruðust að mörgu leyti (sjá einnig Gamillscheg 1934:274). Dreifing þessa germanska tökuorðs í rómönskum málum bendir sterklega til að orðið sé vesturgermanskt tökuorð í þeim málum, og þá úr fornfrönsku (sbr. *REW*, u. *sinn*). Öfugt við frönsku eru orðin tvö varðveitt í ítölsku, þ.e. *senso* ‘skilningarvit, skynjunarhæfileiki, skyn, skynjun, meðvitund’ (/senso/ < lat. *sensus*) og *senno* ‘vit, skynsemi, hyggjuvit’ (/sen:o/ < ffrk. \**sin*, væntanlega um ffr. \**sen*). Í germönsku málafjölskyldunni er orðið einungis að finna í íslensku auk meginlandsvesturgermönsku. Þetta þýðir að orðið er líklegast fengið að láni og því ekki erfðaorð í íslensku. Um físl. *merking* sjá ofar u. *nóti – merking*.

Ef hugað er m.a. að tímabili elstu heimilda um þessi tvö orð, má segja að tökuorðið hafi komið inn í málið þegar innlenda orðið var þegar í notkun. Físl. *sen* hefur sennilega verið eitt þeirra orða sem Íslendingar lærðu í námi erlendis og ber því að túlka sem virðingartökuorð (um menntun Íslendinga á miðöldum sjá Gunnar Harðarson 2016).

*vers – vísuorð* : Físl. *vers* (*HómÍsl*(1993) u.þ.b. 1200 > Stock. perg. 15 4to u.þ.b. 1200, de Leeuw van Weenen 1993) er talið vera tökuorð úr mlþ. *vers* ‘vers, vísuorð’ (< Lat. *versus* ‘s.m.’) í *AeW* og *ÍOb* (u. *vers*). *IeW* ber íslensku saman við aðrar myndir sama tökuorðs í germönsku

málunum og segir að allar beri að rekja til lat. *versus*. Hvað íslenska orðið varðar er það sennilega úr miðlægþýsku frekar en beint úr latínu, en þó má ekki útiloka alveg seinni möguleikann.

Físl. *vísuorð* (*SnE* u.þ.b. 1220 > *GKS* 2367 4to 1300–1350, Finnur Jónsson 1931) er ákvörðunarsamsetning af *vísa* og *orð*. Orðið er innlent nýgert orð.

Ekki er einfalt að meta samband þessara tveggja orða. Það má þó stinga upp á því að orðin vísi til kjarnahugtaks í skáldskap og væri því helst við því að búast að innlent orð hafi verið tekið í notkun fyrst. Ef þetta er rétt athugað, þá ber að túlka tökuorðið sem virðingartökuorð.

## 6 Niðurstöður

Samheitapör í íslensku sem koma fram áður en hreintungustefna nær að blómstra bera vitni um að samspil orðanna hefur alltaf verið hluti af sögu íslensks orðaforða. Tilgangurinn með að taka inn í málið tökuorð, eða smíða samheiti þeirra, er fyrst og fremst sá að auka orðaforða og auðga málið. Samheitapörin í ÞMR eru mun fleiri en í Fyrstu, Annarri og Fjórðu málfræðiritgerðinni og flest þeirra tilheyra merkingarsviðunum málfræði og málskrúðs- og skáldskaparfræði. Flest orðin teljast því til iðorða. Samheitapörin birtast á fjóra vegu, þ.e. í skýringarinnskotum og samheitatvönum, til skiptis í textanum og á sambærilegum stöðum í mismunandi handritum. *Tafla 3* sýnir dreifingu birtingartegunda eftir merkingarsviðum:

	Skýringarinnskot	Samheita-tvönum	Birting til skiptis í textanum	Birting á sambærilegum stöðum
Almennur lærdómur	1			
Eiginleikar			1	
Magn			1	1
Málfræði	1	1		
Málskrúðs- og skáldskaparfræði	10		1	
Náttúra	1	1		
Sagnir			2	1

*Tafla 3:* Samanburður milli merkingarsviða samheitapara og birtingartegundir þeirra.

Af þessum samanburði sést að samheiti birtast í skýringarinnskotum í langflestum tilvikum þegar um íðorðaförða er að ræða. Má þá draga þá ályktun að birting samheitapara í PMR sé tengd tilgangi höfundar með ritgerðinni, eða m.ö.o. að þetta fyrirbæri beri að setja í bein tengsl við eðli PMR sem málfræðiritgerðar. Hún fylgir fyrirmyndum sínum svo náði að vel má segja að hún sé tilraun til að heimfæra kenningar latnesku málfræðinganna Priscianusar og Donatusar upp á íslensku. Í orðaförðanum felst þessi tilraun fyrst og fremst í að sýna fram á það að íslenska hafi einnig að geyma íðorð sem samsvara grísk-latnesku hugtökunum. Þetta gerir höfundurinn einkum með því að nota orð sem þá þegar voru til í málinu og einkum í sambandi við málskrúðs- og skáldskaparfræðileg fyrirbæri. Útkoma þessarar vinnuaðferðar er þó langt frá því að vera fullkomin, en Ólafur notar íslensk heiti yfir hugtök sem hafa lítið sameiginlegt með þeim fyrirbærum sem hann er að lýsa, eins og þegar hann þýðir orðið *adalhending* með lat. *paronomasia*. Þessi vinnuaðferð skín víða í gegn í PMR og má geta þess að Ólafur er sannfærður um að íslenska hafi þrenns konar hljóðsgreinar, þ.e. áherslutegundir (hvassa, þunga og umbeygilega hljóðsgrein < lat. *acutus, gravis, circumflexus tenor/accentus* < fgr. ὀξεῖα, βαρεῖα, περισπωμένη προσωδία, *Lex.Lat.GT* u.o.), en hann hefur þessa greiningu eftir Priscianusi, og er hún jafn óviðeigandi í latínu eins og hún er í íslensku þar sem hún átti heima í forngrísku.<sup>7</sup>

Að lokum skal vikið nokkrum orðum að sambandinu á milli tegunda tökuorða (nauðsynja- og virðingartökuorða) og innlendra orða (tökuþýðinga, innlendra nýgerðra orða, tökumerkinga, erfðaorða) með tilliti til PMR. Augnablikstökuorðin eru ekki tekin með þar sem þau koma einvörðungu fyrir sem skýringarinnskot.

Samheitapar	Tegund tökuorðs	Tegund innlends orðs
<i>anadiplosis</i> – <i>drögur</i>	nauðsyn	innlent nýgert orð
<i>apocope</i> – <i>orðkolfr</i>	nauðsyn	innlent nýgert orð
<i>(caelestis) armonia</i> – <i>(himnesk) hljóðagrein</i>	virðing	tökuþýðing (með annarri fyrirmynd en tökuorðinu)
<i>diphthongus</i> – <i>tvíhljóðr</i>	nauðsyn	tökuþýðing

<sup>7</sup> Það að Ólafur fer nákvæmlega eftir latneskri fyrirmynd sést m.a. í dæmi sem hann tilfærir þegar hann talar um hljóðsgreinarnar þrjár, en hann útskýrir þetta m.a. með að nota beygingarmyndirnar *ari, aranna, ara* (Björn M. Ólsen 1884:42) þar sem Priscianus notar *aræ, ararum, ara*, þ.e. nf./pf. flt., ef. flt. og svf. et. af *ara* 'fórnarstaður'. Það liggur í augum uppi að beygingarmyndirnar sem Ólafur notar eru einmitt valdar vegna hljóðlíkingar þeirra við myndirnar sem Priscianus notar.

Samheitapar	Tegund tökuorðs	Tegund innlends orðs
<i>enigma – gáta</i>	nauðsynjatökuorð	erfðaorð
<i>figúra – mynd/vöxtr</i>	nauðsynjatökuorð	tökumerking
<i>nótera – merkja</i>	virðingartökuorð	erfðaorð
<i>nóti – merking</i>	virðingartökuorð	innlent nýgert orð
<i>paronomasia – aðalhendng</i>	nauðsynjatökuorð	innlent nýgert orð
<i>partr – hlutr</i>	virðingartökuorð	erfðaorð
<i>philosophus – spekingr</i>	virðingartökuorð	innlent nýgert orð
<i>punkta – stínga</i>	á ekki við	erfðaorð
<i>rhetorica – málssnilldarlist</i>	nauðsynjatökuorð	tökuþýðing
<i>sen – merking</i>	virðingartökuorð	innlent nýgert orð
<i>vers – vísuorð</i>	virðingartökuorð	innlent nýgert orð

Tafla 4: Gerð tökuorða og innlendra orða.

Í Töflu 4 má sjá að allar fjórar tegundir innlendra orða samsvara nauðsynjatökuorðum en á hinn bóginn svara einungis erfðaorð og innlend nýgerð orð til virðingartökuorða, þó með einni undantekningu (*caelestis armonia – (himnesk) hljóðagrein*). Tökuorð eru flokkuð sem nauðsynjatökuorð ef þau komast inn í málið þegar ekki er til innlent orð með sömu merkingu, sem getur svo verið smíðað seinna. Orð teljast til virðingartökuorða hins vegar ef þau ganga inn í orðaforðann eftir að innlent orð hefur skotið rótum í málinu. Skilyrði fyrir tökuþýðingu er að erlenda orðið sé a.m.k. þekkt, ef ekki notað. Og til þess að merking erlends orðs sé færð yfir á innlent orð þarf erlenda orðið einnig að vera þekkt, ef ekki notað. Þar af leiðandi má segja það sjaldgæft að þessar tvær tegundir, tökuþýðingar og tökumerkingar, geti samsvarað virðingartökuorðum sem eru skv. skilgreiningu tekin inn í málið þegar til er innlent orð með sömu merkingu. Erfðaorð ættu hins vegar aldrei að samsvara nauðsynjatökuorðum. Ef þessi tvö síðastnefndu tilvik eiga sér stað má gera grein fyrir því sem hér segir:

- Ef erfðaorð samsvarar nauðsynjatökuorði er tökuorðið annað hvort undirheiti yfir erfðaorðið eða það er fengið sem íðorð, og hefur merkingar- og notkunarsvið þess síðan víkkað, eða innlenda orðið hefur fengið merkinguna sem íðorðið hefur (hér t.d. *gáta* gagnvart *enigma*).
- Ef tökuþýðing eða -merking samsvarar virðingartökuorði kemur tvennt til greina: 1) innlenda smíðin hefur víða merk-

ingu sem gerir það að verkum að það fær einnig merkingu tökuorðsins en hún liggur nær merkingarsviði innlenda orðsins; 2) innlenda orðið hefur aðra fyrirmynd að baki en tökuorðið.

## 7 Lokaorð

Í þessari grein var rætt um samheitapör í PMR. Rannsókn á þeim er þáttur í stærra verkefni sem varpar ljósi á sambylí og samkeppni innlendra orða og tökuorða í forníslensku. Í niðurstöðum þessarar greinar kemur skýrt fram að í PMR nýtir höfundur sér orðasmíð og innlenda orðaforðann einkum til að innleiða vissan íðorðaforða í norrænu, enda tilheyra flest orðapör merkingarsviðum málfræði og málskrúðs- og skáldskaparfræði. Þetta gerir Ólafur hvítaskáld, höfundur PMR, fyrst og fremst með því að nota skýringarinnskot og er þessi aðferð ekki mjög frábrugðin þeirri sem notuð er nú á dögum, þar sem erlent, alþjóðlegt orð er oft látið fylgja innlendri orðasmíð, og þá innan gæsalappa eða sviga. Í orðapörum sem tilheyra hins vegar venjulegri orðaforða, ef svo má að orði komast, er engin birtingartegund í meirihluta, en þetta er í samræmi við minni sérstöðu ásamt meiri útbreiðslu og notkun þess hluta orðaforðans.

## Heimildir

- AeW = de Vries, Jan. 2000. *Altnordisches etymologisches Wörterbuch*. 4. útg. Leiden: Brill.
- Ari Páll Kristinsson. 2004. Offisiell normering av importord i islandsk. Í: Sandøy, Helge og Jan-Ola Östman (ritstj.), *”Det främmande” i nordisk språkpolitikk*, bls. 30–70. Oslo: Novus.
- Ari Páll Kristinsson og Amanda Hilmarsson-Dunn. 2015. Implications of language contact: Evaluating the appropriateness of borrowings in written Icelandic. Í: Hilpert, Martin o.fl. (ritstj.), *New Trends in Nordic and General Linguistics*, bls. 55–67. *Linguae & litterae* 42. Berlin: de Gruyter.
- Ásta Svavarsdóttir. 2003. Tilpasning af importord i islandsk. Í: Sandøy, Helge (ritstj.), *Med ’bil’ i Norden i 100 år*, bls. 75–81. Oslo: Novus.
- Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarsson. 2009. Annarleg sprek á ókunnugri strönd: Tökuorð í íslensku fyrr og nú. *Orð og tunga* 11:17–44.
- Betz, Werner. 1959. Lehnwörter und Lehnprägungen im Vor- und Frühdeutschen. Í: Maurer, Friedrich og Friedrich Stroh (ritstj.), *Deutsche Wortgeschichte* I, bls. 127–147. Berlin / New York: de Gruyter.



- Björn M. Ólsen (ritstj.). 1884. *Den tredje og fjærde grammatiske afhandling i Snorres Edda*. STUANGL XII. Kaupmannahöfn: Fr.G. Knudtzon.
- Borgnet, C.A. (ritstj.). 1895. *Alberti Magni Opera Omnia /34, Compendium theologicæ veritatis in septem libros digestum*. París.
- Durkin, Philip. 2009. *The Oxford Guide to Etymology*. Oxford: Oxford University Press.
- Eiríkur Jónsson and Finnur Jónsson (ritstj.). 1892–1896. *Hauksbók: udgiven efter de Arnamagnæanske håndskrifter no. 371, 544 og 675, 4 ° samt forskellige papirshåndskrifter af Det Kongelige Nordiske Oldskrift-Selskab*. Kaupmannahöfn: Thieles Bogtrykkeri.
- Eriksen, Stefka (ritstj.), *Intellectual Culture in Medieval Scandinavia, c. 1100–1350*, bls. 35–73. Turnhout: Brepols.
- EWned. = Philippa, Marlies et al. (eds.). 2004–2009. *Etymologisch woordenboek van het Nederlands*. Amsterdam: Amsterdam University Press.
- Finnur Jónsson (ritstj.). 1925. *Alexanders saga*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Finnur Jónsson (ritstj.). 1927. *Óláfr Þórðarson máhljóða- og málskrúðsrit*. Det Kgl. Danske Videnskabernes Selskab Historisk-filologiske Meddelelser XIII, 2. Kaupmannahöfn: Bianco Luno.
- Finnur Jónsson (ritstj.). 1931. *Edda Snorra Sturlusonar*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Frans, Victor. 2019. *Sub regulis Donati. Pseudo-Remigius Ars Brugensis och Den tredje grammatiska avhandlingen*. MA-ritgerð við Oslóarháskóla.
- Gamillscheg, Ernst. 1934. *Romania Germanica I*. Berlín/Leipzig: de Gruyter.
- GeW = Frisk, Hjalmar. 1973. *Griechisches etymologisches Wörterbuch*. Heidelberg: Winter.
- Guðrún Kvaran. 2003. *Typer af nye ord i islandsk. Í: Sandøy, Helge (ritstj.), Med 'bil' i Norden i 100 år*, bls. 33–41. Oslo: Novus.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Íslensk tunga II*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Gunnar Harðarson. 2016. *Old Norse Intellectual Culture: Appropriation and Innovation*. Í: Stefka G. Eriksen (ritstj.), *Intellectual Culture in Medieval Scandinavia, c. 1100–1350*, bls. 35–73. Turnhout: Brepols.
- Gusmani, Roberto. 1981. *Saggi sull'interferenza linguistica I*. Firenze: Le Lettere.
- Halldór Halldórsson. 1964. *Nýgervingar í fornmáli. Í: Halldór Halldórsson (ritstj.), Þættir um íslenskt mál*, bls. 110–133. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Hreinn Benediktsson (ritstj.). 1972. *The First Grammatical Treatise*. University of Iceland Publications in Linguistics 1. Reykjavík: Institute of Nordic Linguistics.
- IdgeW = Pokorny, Julius. 1959–1969. *Indogermanisches etymologisches Wörterbuch*. Bern: Francke.
- IeW = Alexander Jóhannesson. 1956. *Isländisches etymologisches Wörterbuch*. Bern: Francke.

- ÍOb = Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Jarvad, Pia. 2007. Tilpasning af engelske ord i bøjning og udtale i de nordiske sprog. Í: Jarvad, Pia og Helge Sandøy (ritstj.), *Stuntman og andre importord i norden*, bls. 9–26. Oslo: Novus.
- Jón Axel Harðarson. 2016. Donat und Priscian in Island. Í: Molinari, Alesandra og Michael Dallapiazza (ritstj.), *Mittelalterphilologie heute I*, bls. 63–77. Würzburg: Königshausen & Neumann.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- de Leeuw van Weenen, Andrea (ritstj.). 1993. *The Icelandic Homily Book: perg. 15 4to in the Royal Library*. Stockholm. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- LeW = Walde, Alois. 1956–1972. *Lateinisches etymologisches Wörterbuch*. Edited by J.B. Hoffmann. Heidelberg: Winter.
- Lex.Lat.GT = Schad, Samantha. 2007. *A Lexicon of Latin Grammatical Terminology*. Studia Erudita 6. Pisa/Roma: Fabrizio Serra Editore.
- LIV<sup>2</sup> = Rix, Helmut et al. (ritstj.). 2001. *Lexikon der indogermanischen Verben*. 2. útg. Wiesbaden: Reichert Verlag.
- LP = Sveinbjörn Egilsson. 1931. *Lexicon Poeticum antiquæ lingvæ septentrionalis*. 2. útg. Finnur Jónsson gaf út. Kaupmannahöfn: S. L. Møller.
- Magnús Snædal. 1993. Yfirlit yfir forníslenskar málfræðiritgerðir. *Íslenskt mál og almenn málvísindi* 15:207–220.
- Males, Mikael. 2018. Pseudo-Remigius and the Old Icelandic Barbarism: A Pilot Study. Í: Edzard, Lutz, Jens Wilhelm Borgland og Ute Hüskén (ritstj.), *Reading Slowly. A Festschrift for Jens E. Baarvig*, bls. 321–331. Wiesbaden: Harrassowitz Verlag.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. <http://onp.ku.dk>. Kaupmannahöfn: Københavns Universitet.
- Raschellà, Fabrizio D. 2004. Tradizione locale e modelli stranieri nella terminologia grammaticale islandese medievale. Í: Dolcetti Corazza, Vittoria og Renato Gendre (ritstj.), *I Germani e gli altri II parte*, bls. 3–37. Alessandria: Edizioni dell'Orso.
- RitOH = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <http://ritmalssafn.arnastofnun.is> (mars 2020).
- Scherabon Firchow, Evelyn og Karen Grimstad (ritstj.). 1989. *Elucidarius in Old Norse translation*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Schiller, Karl and August Lübben. 1875–1881. *Mittelniederdeutsches Wörterbuch*. Bremen: Kühtmann.
- Tarsi, Matteo. Væntanl. *Loanwords and native words in Old and Middle Icelandic (12th c.–1550)*. Doktorsritgerð.
- Tinna Frímánn Jökulsdóttir o.fl. 2019. Um nýyrði sem tengjast tölvum og tækni. *Orð og tunga* 21:101–128.
- Unger, Carl Rikard (ritstj.). 1877. *Heilagra manna sögur*. Christiania: Bentzen.

- Veturliði Óskarsson. 2002. Niederdeutsche Lehnwörter im Isländischen. *Greifswalder Universitätsreden* 104:7–27.
- Veturliði Óskarsson. 2003. *Middelnedertyske låneord i islandsk diplomsprog frem til år 1500*. Bibliotheca Arnamagnæana XLIII. Kaupmannahöfn: C.A. Reitzel.
- Veturliði Óskarsson. 2015. Loanwords with the prefix *be-* in Modern Icelandic: An example of halted borrowing. *Orð og tunga* 17:1–26.
- Vilhjálmur Finsen (ritstj.). 1879. *Grágás efter det Arnamagnæanske Haandskrift nr. 334 fol., Staðarhólsbók*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- VWgsV = Seebold, Elmar. 1970. *Vergleichendes und etymologisches Wörterbuch der germanischen starken Verben*. The Hague / Paris: Mouton.
- Wills, Tarrin. 2001. *The Foundation of Grammar: An edition of the first section of Óláfr Þórðarson's grammatical treatise*. Doktorsritgerð. Sidney.

### Skammstafanir úr *Ordbog over det norrøne prosasprog og Lexicon Poeticum*

- Alex: Alexanders saga  
 Algor: Algorismus  
 AugA: Ágústínus saga, AM 234 fol.  
 Eg1620(2001): Egils saga, AM 162 a 0 fol.  
 Eluc674(1989): Elucidarius, AM 674 4to  
 Eyv: Eyvindr skáldaspillir Finnsson  
 Gestumbl: Gestumblindi  
 Gramm<sup>3</sup>748: Þriðja málfraeðiritgerðin, AM 748 i b 4to  
 Hál: Háleygjatal (Eyv)  
 Heiðr: Heiðreks gátur (Gestumbl)  
 HómÍsl(1993): Íslensk hómilíubók  
 HSt: Hallar-Steinn  
 Rst: Rekstefja (HSt)  
 SnE: Snorra-Edda, GKS 2367 4to  
 Yt: Ynglingatal (Þjóð)  
 Þjóð: Þjóðólfr ór Hvini  
 GrgStað: Grágás, AM 334 fol.

### Lykilorð

forsaga hreintungustefnunnar, forníslenska, málfraeðiorðaforði, nýyrði, orðmyndun, tökuorð

### Keywords

prehistory of language purism, Old Icelandic, linguistic terminology, neologisms, word formation, loanwords

**Abstract**

The article is concerned with the coexistence and interplay of loanwords and native words (synonymic word pairs) in the Third Grammatical Treatise. The discussion offered in the present article is part of a larger research project on loanwords and native synonyms in Icelandic in the period from the twelfth century to around 1550. The focus of this article is on how loanword/native word pairs appear in the Third Grammatical Treatise and thus on the dynamics at the core of the alternation between loanwords and native words in this work. In addition, the research seeks to establish a relative chronology for the constituents of each word pair. Finally, the dynamics between loanwords and native words in the lexicon are illustrated in a set of generalizations.

*Matteo Tarsi*

*Íslensku- og menningardeild*

*Háskóli Íslands*

*mat17@hi.is*

*orcid.org/0000-0001-6548-7874*

## Errata corrige

Samspil tökuorða og innlendra orða í Þriðju málfræðiritgerðinni

> : leiðréttu sem

bls. 73: hvaða merkingarfræðilega sviði > hvaða merkingarfræðilegu sviði

bls. 76: og heimildum Ólafs, Donatus og Pseudo-Remigius [...] > og heimildum Ólafs, Priscianus, Donatus og Pseudo-Remigius [...]

bls. 90, nmgr. 7: *aræ* ... nf./þf. flt. > nf./ávf. flt.

Heimildir

Eyða eftirfarandi færslum:

- Borgnet, C.A. (ritstj.). 1895
- Eriksen, Stefka (ritstj.)